



Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri
601 Akureyri
www.svalbardsstrond.is

XX
Sólheimar x
601 Akureyri

Svalbarðseyri, 20.01.2017
1612006 EHH

Efni: Grenndarkynning á breytingu vegna Sólheima 9.

Á 59. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 2014-2018 þann 14.12.2016 var fjallað um grenndarkynningu í Svalbarðsstrandarhreppi. Bókun sveitarstjórnar var svohljóðandi:

6. 1612006 – Tölvupóstur dags. 12. des. frá Bergþóru Aradóttur og Starra Heiðmarssyni en þar óska þau eftir tilfærslu á byggingareit við Sólheima 9. Jafnframt óska þau eftir afstöðu sveitarstjórnar er varðar rekstur heimagistingar í væntanlegum bílskúr.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að setja tillöguna í grenndarkynningu.

Í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir m.a. um grenndarkynningar:

„Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Skipulagsnefnd er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfis skyldu framkvæmd“.

Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur frá ætlaðri móttöku þessa bréfs, þ.e. til og með 20. feb. 2017. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.

Þessi minniháttar breyting á deiliskipulagi Sólheima sést vel á meðfylgjandi skipulagsupprætti.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri eða í síma 464 5500 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið postur@svalbardsstrond.is.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni.

<http://www.svalbardsstrond.is/is/skipulag/grenndarkynning>



Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri

601 Akureyri

www.svalbardsstrond.is

Virðingarfyllst,

Eiríkur H. Hauksson
Sveitarstjóri

Yfirlýsing hagsmunaaðila:

Ég, undirrituð, lýsi því hér með yfir að ég geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á Sólheimum 9 skv. ofansögðu og meðfylgjandi upprætti.

Dags. _____ 2017

XXXX